



LEIKSKÓLINN EFSTIÐJALLI

Fjölmennning - Barnasáttmáli - Sköpun




Snemmtæk íhlutun í máli og læsi

Efnisyfirlit

Leikskólinn Efstihjalli	3
Um mál og lestur.....	3
Leiðir.....	4
1. Snemmtæk íhlutun.....	4
2.Hlutverk kennara (viðhorf/viðmót kennara?)	4
3.Hlutverk sérkennslustjóra	5
4. Hlutverk sérkennara / stuðningsaðila	6
5.Skimanir, prófanir og íhlutun. Mat á málþroska barna og eftirfylgni, skráningar	6
TRAS	6
EFI-2	6
Hljóm-2.....	7
Smábarnalistinn	7
Íslenski þroskalistinn	8
AEPS	8
Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltýngd börn í leikskóla	8
Einstaklingsnámskrá.....	8
6. Heilsugæslan	8
7. Hlutverk foreldra/forsjáraðila	9
8. Aðlögun barna.....	9
9. Leikumhverfi sem þriðji kennarinn	10
10. Samvinna við nærsamfélagið	10
11.Fræðsluefni / námskeið	11

Leikskólinn Efstihjalli



Leikskólinn Efstihjalli er fimm deilda og 97 barna leikskóli við Efstahjalla í Kópavogi. Áherslur leikskólans eru fjölmenning, Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og sköpun í allri sinni mynd.

Starfsfólk Efstahjalla álitur að grunnurinn að gæða leikskólastarfi sé samskipti og að rauði þráðurinn í gegnum allt starfið sé málörvun.

Í leikskólanum er fjölbreyttur hópur en um 40% barna búa við fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og endurspeglar starfsmannahópurinn það einnig. Hópurinn er ríkur af tungumálum en í hópnum eru töluð 20 tungumál.

Þessir áhersluþættir hófu innleiðingu haustið 2023 og eru í stöðugri þróun.

Leik- og grunnskólar Kópavogs eru skólar án aðgreiningar. Börnum skal búið námsumhverfi sem gefur þeim tækifæri til að nýta hæfileika sína og sérstöðu. Samvinna barna, foreldra/forsjáraðila, kennara og annarra sérfræðinga um skipulag náms barna er mikilvægur þáttur í skóla án aðgreiningar. Stuðningur við börn í skóla án aðgreiningar skal einkennast af virðingu, umburðarlyndi og metnaði.

Um mál og lestur

Með því að efla læsi og málþroska barna á fyrstu árum þess í leikskóla mun það draga úr námserfiðleikum og neikvæðri upplifun af skólagöngu seinna meir. Mikilvægt er að börnin búi við ríkt málumhverfi í daglegu starfi og fái fjölbreytta málörvun strax í uppvexti. Með ríku málumhverfi fá börnin tækifæri til að læra að leita sér þekkingar, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Aukinn lesskilningur felur í sér túlkun lesandans á textanum sem hann les. Til að lesandinn skilji textann þarf orðaforði að vera góður, tækifæri á að leika með rökhugsun og leika með orð og setningar til að innihaldið verði skýrt. Lesskilningur felur í sér skilning á merkingu orða og setninga. Í honum felst einnig málskilningur, þ.e. skilningur á talmáli, lesnu máli, texta og myndum.

Stefna Efstahjalla um mál og lestur er í stöðugri þróun en í skólanum starfa öflug teymi þvert á deildir. Í málörvunarteymi skólans er einn starfsmaður af hverri deild ásamt leikskólastjóra en teymið er leitt af verkefnastjóra sem hefur umsjón með skipulagi og dreifstýringu. Málörvun fer þannig markvisst fram á hverri deild og teymið leggur áherslu á að í vinnunni sé samfella og samhljómur á deildum leikskólans.

Stefnan gerir ráð fyrir að unnið sé út frá fimm grunnþáttum lestrar: Hljóðkerfis – og hljóðvitund (greina talmál), lesfimi (hrynjandi talmálsins), lesskilningi (skilja eðli og takast á við texta), hljóðrænni umskráningu (tengsl bókstafa og hljóða) og orðaforða (fjöldi orða sem hver og einn skilur og getur notað við að hlusta, tala, lesa og skrifa).

Markmið starfsfólks Efstahjalla er að öll börn fái gæða málörvun sem hentar fyrir hvern og einn. Þar sem tungumálakunnátta barnanna í leikskólanum er fjölbreytt er einstaklingsmiðuð nálgun í málörvun afar mikilvæg. Markmiðið er að börn kunni að leita sér þekkingar og nýta hana í leik og starfi, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt, uppbyggileg samskipti, tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.

Leiðir

1. Snemmtæk íhlutun

Með því að vinna með snemmtæka íhlutun í starfi og finna börn sem eiga við málþroskafrávik er líklegra að hægt sé að koma í veg fyrir námserfiðleika og vanlíðan í skóla seinna meir. Öll börn eiga rétt á að fá kennslu við hæfi og því er mikilvægt að unnið sé að því markmiði með foreldrum/forsjáraðilum, samstarfi fagstétta og allra þeirra sem vinna með ung börn. Leggja þarf áherslu á snemmtæka íhlutun út frá eðli vandans og að brugðist sé við um leið og rökstuddur grunur vaknar um málþroskafrávik hjá ungum börnum.

2. Hlutverk kennara (viðhorf/viðmót kennara?)

Hlutverk kennara er mjög mikilvægt í daglegu starfi með börnunum. Kennarinn þarf að tileinka sér innihaldsrík samskipti í daglegu starfi með börnunum.

- Í Efstahjalla er daglegt starf sýnilegt og myndrænt sem gerir börnunum auðveldara með að lesa í daglegar venjur.
- Í Efstahjalla eru kennarar góðar fyrirmyndir, tala skýra og rétta íslensku og nota fjölbreyttan orðaforða.

- Í Efstahjalla eru notaðar opnar spurningar svo barnið þurfi að tjá sig með setningum.
- Í Efstahjalla er hlustað á börnin, ekki gripið fram í fyrir þeim eða svarað fyrir þau.
- Í Efstahjalla er ýtt undir og stutt við málnotkun barnanna.
- Í Efstahjalla eru lesnar vandaðar bækur miðaðar við aldur og þroska barnanna.
- Í Efstahjalla eru orð sem börnin þekkja ekki útskýrð.
- Í Efstahjalla er lesið, sagðar sögur og spurnið.
- Í Efstahjalla eru börnin hvött til að tjá tilfinningar og líðan, heilsa, kveðja og þakka fyrir sig.
- Í Efstahjalla eru börn og fullorðnir hvattir til að setja orð á hluti og daglegar athafnir.
- Í Efstahjalla eru allir starfsmenn hvattir til að sækja sér endurmenntun og/eða kynna sér nýjungar í starfi, t.d. rannsóknir eða nýjungar hvað varðar kennsluefni.
- Í Efstahjalla kynna starfsmenn sér nýtt kennsluefni sem stuðlar að læsi.
- Í Efstahjalla eru börnin upplýst fyrirfram hvað á að gera í daglegu starfi.
- Í Efstahjalla er hugmyndum miðlað og stutt við samstarfsmenn.
- Í Efstahjalla eru starfsmenn hvattir til að prófa sig áfram með mismunandi kennsluáferðir og nýjungar í starfi.
- Í Efstahjalla eru sungið og rímað (útskýra orð og texta).

3. Hlutverk sérkennslustjóra

Sérkennslustjóri er faglegur umsjónarmaður sérkennslu í leikskólanum og heldur utan um mál sem lúta að sérkennslu. Deildarstjórar, foreldrar/forsjáraðilar og aðrir kennarar geta leitað til hans með áhyggjur og vangaveltur sem snúa að námi og þroska barna. Í sameiningu vinna deildarstjórar, foreldrar/forsjáraðilar og sérkennslustjóri eftir þeim verkferlum sem leikskólinn og Kópavogsbær hafa sett sér. Sérkennslustjóri sér einnig um skimanir/prófanir, skráningar og ráðgjöf til starfsfólks og foreldra/forsjáraðila og hefur yfirumsjón með gerð verkefna og ber ábyrgð á gerð einstaklingsnámskráa fyrir börn sem njóta sérkennslu. Hann mætir einnig á teymisfundi og sér um eftirfylgni á málum. Sérkennslustjóri er í samstarfi við aðra sérfræðinga á skólaláttunustu Kópavogs til að fá frekari ráðleggingar. Öll börn sem þurfa aðstoð til að geta tekið virkan þátt í leikskólastarfi eiga rétt á henni.

4. Hlutverk sérkennara / stuðningsaðila

Taka þarf tillit til þarfa hvers barns svo að það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum. Sérkennsla er viðbótarúrræði handa þeim börnum sem vegna aðstæðna sinna þurfa sérhæfðar leiðir til að þroskast og læra í samfélagi við önnur börn í skólanum. Ef þörf er á sérkennslu er horft til styrkleika hvers og eins og unnið út frá þeim.

5. Skimanir, prófanir og íhlutun. Mat á málþroska barna og eftirfylgni, skráningar

Ef grunur vaknar um málþroskafrávik er notast við skimanir, prófanir og/eða íhlutun til að vinna með frávikin sem koma í ljós. Á vegum Kópavogsbæjar starfa talmeinafræðingar, sálfræðingar og iðjuþjálfar. Ef foreldrar/ forsjáraðilar og kennarar meta það svo að þörf sé á aðkomu þeirra er beiðni send skólaþjónustu leikskóla. Í einstaka tilfellum getur verið þörf á greiningu eða ráðgjöf sérfræðinga án tafar.

Í Efstahjalla er fylgst með þroskaframvindu barnanna með markvissum hætti. Eitt af þeim verkfærum sem stuðst er við til að fylgjast með námi og þroska barnanna eru skimunarlistar/ próf sem eru lögð fyrir öll börn á tilteknum aldri. Leikskólakennarar fylgjast með málþroskaferli tveggja til fimm ára barna með því að fylla út í TRAS – skráningarlista einu sinni á ári. Einnig er EFI-2 málþroskaskimun lögð fyrir öll börn á fjórða ári og Hljóm-2 er lagt fyrir öll börn elstu börn leikskólans.

TRAS

Er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Listinn er upprunalega kominn frá sérfræðingum við norskan háskóla og sérkennslustofnanir og er notkun hans nú orðin útbreidd á Norðurlöndum. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. Foreldrar/forsjáraðilar eru upplýstir um stöðu barnsins samkvæmt TRAS listanum í árlegum viðtölum.

EFI-2

Er málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári. Til að meta málþroska barna þurfa viðmið að vera skýr og byggð á áreiðanlegu matstæki. EFI-2 er staðlað á Íslandi og er ætlað til notkunar í leikskólum.

Prófið er myndabók sem barnið skoðar með kennara sínum og svarar ýmsum spurningum. Svör barnsins gefa vísbendingu um hvar það er stadd í málþroskaferlinu. Út frá niðurstöðum er svo gripið til mismunandi úrræða. Það getur verið nánari greining hjá talmeinafræðingi til að kortleggja stöðuna betur eða þjálfun í ákveðnum málþroskaþáttum, allt eftir því hver niðurstaðan er. Foreldrar/forsjáraðilar eru upplýstir um niðurstöður skimunar.

Hljóm-2

Er aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málvitund barna í elsta árgangi leikskólans. Skimunin er framkvæmd í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu vegna lestrarerfiðleika þegar formlegt lestrarnám hefst. Hljóm-2 er lagt fyrir að hausti eða þegar barn hefur náð viðeigandi aldursviðmiði. Skimunin er endurtekin að vori fyrir þau börn sem voru með slaka færni. Í millitíðinni er unnið með þá þætti sem komu slakir út. Hafi ekki átt sér stað umtalsverðar framfarir í hljóðkerfisvitund barnsins er kallað eftir aðkomu talmeinafræðings. Niðurstöðum Hljóm-2 er skilað skriflega í foreldrasamtali með leiðbeiningum um hvernig megi styrkja hljóðkerfisvitund. Niðurstöðum er einnig skilað til þess grunnskóla sem barnið fer í.

Þegar starfsfólk og/eða foreldrar/forsjáraðilar verður vart við frávík eða hafa áhyggjur af þroska barns eru notaðir gátlistar frá skólaþjónustu Kópavogsbæjar sem fyllt er út í til að sjá betur stöðu barnsins. Listarnir eru; Gátlisti fyrir skilning á tali í samhengi, Spurningar um styrk og vanda, Mat á hegðunarvanda og Gátlistar fyrir málþroska.

Einnig eru Smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn og AEPS nýttir til meta þroska barna. Niðurstöður gefa skýr svör um hvaða þroskaþætti þarf að vinna með hjá barni og eru góð undirstaða þegar verið er að skipuleggja íhlutun.

Smábarnalistinn

Smábarnalistinn er staðlaður þroskalisti til að meta málþroska, hreyfiþroska og sjálfsbjörg ungbarna á aldrinum 15 til 38 mánaða. Hann er gefinn út á vegum Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála. Mæður barnanna svara listanum og meta getu þeirra. Leikskólakennarar eða sérkennslustjóri reikna út niðurstöður listanna. Þegar niðurstöður liggja fyrir er tekin ákvörðun í samráði við foreldra/forsjáraðila hvað gert verður varðandi íhlutun í kjölfarið.

Íslenski þroskalistinn

Íslenski þroskalistinn er gefinn út á vegum Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála og er nýttur við skimun til að mæla þroska 3ja til 6 ára barna á mál- og hreyfivíði. Hann er staðlaður fyrir íslenskar aðstæður. Mæður barnanna svara listanum og meta getu þeirra. Prófbættir eru: Málþáttur (hlustun, tal og nám) og hreyfiþáttur (grófhreyfingar, skynhreyfingar og sjálfsbjörg). Til samans mynda undirprófin sex eina þroskatölu, sem gefur til kynna almennan þroska barnsins miðað við jafnaldra að mati móður.

AEPS

Er matslisti út frá þroska og færni barns. Einstaklingsáætlun er unnin út frá niðurstöðum og frávikum í samstarfi við foreldra. Matslistinn er til þess gerður til að kennarar geti séð hvað þarf að vinna sérstaklega með næstu mánuði eða önn. Einstaklingsáætlun er metin reglulega eða eftir þörfum.

Hæfnirammur í íslensku fyrir fjölyngd börn í leikskóla

Í Efstahjalla er unnið með hæfniramma sem sýna viðmið í þróun máltöku barna við tileinkun annars tungumáls. Mikilvægt er að vinna með þessi viðmið á markvissan hátt í daglegu starfi. Hæfnirammur auðvelda mat á stöðu barna með annað móðurmál en íslensku.

Einstaklingsnámskrá

Í Efstahjalla er leitast eftir að mæta þörfum allra barna og er áhersla lögð á styrkleika hvers og eins. Til að tryggja að þörfum allra barna sé mætt eru m.a. nýttar einstaklingsnámskrár. Sérkennslustjóri, stuðningsaðili og deildarstjóri bera ábyrgð á gerð einstaklingsnámskrár. Námskráin er gerð með hliðsjón af þroska barnanna, greiningum/skýrslum frá utanaðkomandi sérfræðingum og samkvæmt óskum foreldra/forsjáraðila. Námskráin er endurskoðuð á 6-8 vikna fresti eða eftir þörfum.

6. Heilsugæslan

Foreldrar/ forsjáraðilar allra barna eru hvattir til þess að fara með börn sín í 18 mánaða, 2 ½ árs og 4 ára skoðun á heilsugæslustöðina, þar sem m.a. er lagður spurningalisti fyrir foreldra (PEDS) og Brigance þroskaprófið er lagt fyrir fyrir barnið. Ef barnið nær ekki aldursvarandi viðmiðum í ungbarnaeftirliti er haft samband við starfsfólk leikskólans með samþykki foreldra/forsjáraðila og í framhaldi er tekin ákvörðun um hvort þörf sé á að senda beiðni á

skólaþjónustu leikskóla um nánara mat. Ef niðurstöður úr áðurnefndum prófum, skimunum og skráningum eru fyrir neðan meðaltal eftir íhlutun og foreldrasamstarf, fylla foreldrar/forsjáraðilar út orðaforðagátlistann Orðaskil, Íslenska þroskalistann og/eða Smábarnalistann, eftir því sem við á.

7. Hlutverk foreldra/forsjáraðila

Um leið og grunur um málþroskafrávik vaknar er mjög mikilvægt að efla samstarf við foreldra/forsjáraðila með fræðslu og upplýsingum um það sem hægt er að gera í málörvun í öllu daglegu lífi barnsins. Kennarar og foreldrar/forsjáraðilar þurfa að ræða saman til að átta sig á því hvar börnin standa varðandi mál, tal og boðskipti og vinna sameiginlega að því að mæta þörfum þeirra. Í leikskólanum er börnunum veitt auka málörvun með áherslu á að vinna með viðeigandi leikefni og málörvunarefni til að efla mismunandi málþætti. Einnig er mikilvægt að veita foreldrum/forsjáraðilum upplýsingar um hvað þeir geta gert heima og kynna fyrir þeim bækur, spil, leikföng og málörvunarefni sem eflir málþroska. Í sumum tilvikum þarf að vísa börnum áfram til talmeinafræðinga og er það gert í samvinnu við foreldra/forsjáraðila. Mikilvægt er að foreldrar/forsjáraðilar séu vel upplýstir um mikilvægi snemmtækrar íhlutunar og taki þátt í að undirbúa barn sitt til að takast á við námið sem framundan er. Góður málþroski er undirstaða félagsfærni og alls náms.

8. Aðlögun barna

Mikilvægt er að aðlögun barna sé góð bæði fyrir barnið og foreldra/forsjáraðila, það er forsenda fyrir góðu samstarfi á milli heimilis og leikskóla. Í aðlögunarferlinu fylla foreldrar/forsjáraðilar út lista með upplýsingum um barnið. Mikilvægt er að upplýsingar um heimilishagi, menningu, heimamál, styrkleika, áhugamál og annað mikilvægt hjá barni komi fram strax í upphafi. Það er gert svo kennarar fái betri sýn á stöðu barnsins og séu betur undirbúnir til að taka á móti barninu. Boðið er upp á tülkaþjónustu ef þörf er á.

Haustið 2024 verður í fyrsta skipti tekið á móti yngstu börnunum á þremur deildum en slíkar breytingar kalla á endurskoðun og samræmingu á móttökuáætlun.

Þegar börn eru að kynna leikskólalífinu, umhverfinu og starfsfólkinu er mikilvægt að börnin upplifi sig örugg í umhverfinu. Börn sem upplifa óöryggi í leikskólanum geta átt erfiðara náms- og félagslega. Þegar börn sem hafa ekki verið í íslensku málumhverfi hefja leikskólagöngu sína getur það reynst þeim erfitt að aðlagast nýjum aðstæðum sem og nýju tungumáli. Í slíkum tilvikum er tungumálaþekking starfsmanna nýtt og/eða starfsmenn læra einstaka orð á heimamáli barnsins. Þannig veit barnið fyrir hvað er ætlast til af því, það upplifir öryggi og aðlagast fyrir.

Lögð er áhersla á að sýna börnum skilning, áhuga og veita þeim góðan grunn í skólamálinu.

9. Leikumhverfi sem þriðji kennarinn

- Allur efniviður er sýnilegur, aðgengilegur og merktur.
- Samræma það sem er merkt í leikskólanum. Unnið er að því að samræma hvað er merkt og á hvaða hátt.
- Stafrófið og tölustafir er sýnilegt á öllum deildum.
- Hólfín eru merkt með nafni barns.
- Verk barnanna eru merkt með nafni og dagsetningu.
- Myndir eru notaðar til auðkenningar á hlutum, ásamt nafni hlutarins.
- Bækur eru aðgengilegar.
- Börnin geta gengið frjálst í þann efnivið sem þau hafa áhuga á.
- Starfsmenn hafi góðan aðgang að þeim efnivið sem nauðsynlegur er.
- Ritföng eru aðgengileg.
- Spjaldtölvur eru notaðar í starfi með börnunum, vandað er val á verkefnum.
- Ferðir á bókasafn Kópavogs.

10. Samvinna við nærsamfélagið

Leikskólinn leggur áherslu á að nýta sér allt samstarf við nærsamfélagið; bókasöfn, menningahús, listasöfn, fræðslusetur, samvinnu við vinnustaði, grunnskóla og frístund og aðra leikskóla til að auka þekkingaröflun og skilning á umhverfi og því samfélagi sem börnin búa í.

11. Fræðsluefni / námskeið

Í starfsáætlun Efstahjalla fyrir hvert ár er sett fram áætlun um fræðslu eða önnur námskeið um læsi og snemmtæka íhlutun. Mikilvægt er að allt starfsfólk leikskólans sinni markvissri málörvun og kunni skil á snemmtækri íhlutun, en snemmtæk íhlutun felst í því að greina málþroskafrávik snemma, skilgreina vandann og veita viðeigandi íhlutun. Það er á ábyrgð leikskólastjóra, sérkennslustjóra og deildarstjóra að fylgja því eftir. Allir starfmenn leikskólans bera ábyrgð á málörvun. Mikilvægt er að að grípa öll tækifærin sem gefast til að setja orð á athafnir, tala við börnin og fá þau til að tjá sig.